

verulega tilveru. Vér sjáum þá, að til þess að hafa pragmatískt gildi verða skoðanirnar að hafa þýðingu fyrir hið verulega líf, þær verða að koma við jörðina. En þess ber að gæta að pragmatískt gildi er ekki hið sama og hagsmunalegt gildi. Það á ekkert skilt við hagsmunalegt gildi fremur en hvert annað gildi, sem mannlífinu tilheyrir. Vitsmunaleg, trúarbragðaleg áhrif verða að skoðast sem pragmatísk áhrif, og svo með hvað annað, sem á einhvern hátt snertir lífið sjálft. Þess ber einnig að gæta, að þegar rætt er um pragmatískt gildi einhverrar skoðunar eða hugmyndar, þá verður það í rauninni að dæmast frá sjónarmiði hvers einstaklings hversu mikið gildi hún hefir. Ef t. d. að heimspekiskenningar rationalista eins og Hegels hafa þau áhrif á einhvern, að gera líf hans á einhvern hátt auðugra og betra, getur enginn neitað þeim um pragmatískt gildi, þó að þær hafi engin slík áhrif á fjölda marga aðra.

Það virðist svo að þessi hlið pragmatismans sé veikari en nokkur önnur hlið hans. Hvernig á einn maður að geta dæmt um hversu mikið eða lítið gildi einhver skoðun hefir fyrir annan mann. Í rauninni er það ómögulegt vegna þess að hugsunarhátturinn er aldrei nákvæmlega hinn sami hjá nokkrum tveimur mönnum. Vér sem ekki erum stærðfræðingar, sjáum t. d. ekkert annað en kaldar og dauðar reglur í lögum stærðfræðinnar, en frá stærðfræðingsins sjónarmiði eru þessar reglur lifandi heimur, sem hefir þýðingu fyrir hann ekki einungis sem stærðfræðing heldur einnig sem mann. Fyrir þann sem ekki hefir það sem kallað er söngeyra hafa hljómleikar litla þýðingu. En væri þessvegna rétt af honum að segja að hljómleikar gætu ekki haft þýðingu fyrir nokkurs manns líf? Allir hljóta að sjá hvað fjarri sanni það væri. Á sama hátt getur jafnvel hin af-dregnasta heimspekisskoðun haft áhrif, já meira að segja praktísk áhrif, á hugsunarhátt og líf einhvers einstaklings. Samt sem áður er það sannleikur að eintómar rökréttar skoðanir um eðli alheimsheildarinnar eru ekki líklegar til að hafa mjög mikil áhrif á hugarfar manna yfirleitt. Þær eru of fjarlægjar mannlífinu sjálfu til þess. Og ráðgáturnar, sem flestir leita úrlausnar á, eru, þegar öllu er á botninn hvolft, ekki alheimsgátur heldur